

Bæjarstjórn Blönduósbæjar

FUNDUR – 19. ágúst 2003

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 27. fundar þriðjudaginn 19. ágúst 2003 kl. 17:00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti Bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson, setti fundinn og stýrði honum. Mætt voru undirrituð.

Forseti óskaði eftir því að til viðbótar dagskrá yrði tekinn upp liðurinn Önnur mál og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 49. fundar bæjarráðs frá 10. júlí.
2. Fundargerð 50. fundar bæjarráðs frá 17. júlí.
3. Fundargerð 51. fundar bæjarráðs frá 31. júlí.
4. Fundargerð 52. fundar bæjarráðs frá 14. ágúst.
5. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og æskulýðsnefndar frá 31. júlí.

Afgreiðslur:

1. - 3. Fundargerðir bæjarráðs frá 49., 50. og 51. fundi lagðar fram til kynningar þar sem bæjarráð hafði fullnaðarumboð til afgreiðslu mála vegna sumarleyfis.

4. Fundargerð 52. fundar bæjarráðs frá 14. ágúst kynnt og rædd. Varðandi lið 1. b) lagði forseti til að bætt yrði við næst síðustu setningu “ásamt fleirum”, og yrði setningin þá; “*Eigendur Ísgels eru þær Guðfinna Ingimarsdóttir og Fríða Pálmadóttir ásamt fleirum.*”. Var það samþykkt samhljóða. Fundargerðin síðan borin upp og samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

5. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og æskulýðsnefndar frá 31. júlí kynnt og rædd. Fundargerðin að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með sjö atkvæðum.

Önnur mál. Forseti tók til máls og fjallaði um húsnæðismál bæjarfélagsins, en mikill skortur virðist vera á húsnæði og viðvarandi biðlisti verið um töluverðan tíma. Miklar umræður urðu um þetta mál og fundarmenn sammála um að þessi mál þurfi að skoða betur. Ákveðið að taka til frekari umfjöllunar á næsta bæjarstjórnarfundi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10.

Jóhanna G. Jónasdóttir.
Ágúst Þór Bragason.
Sigurður Jóhannesson.
Valdimar Guðmannsson.
Þórdís Hjálmarsdóttir.

Stefanía A. Garðarsdóttir.
Valgarður Hilmarsson.
Jóna F. Friðriksdóttir.
Hjördís Blöndal.

